

Nd.

933. Framhaldsnefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 23, 14. desember 1877, um tekjuskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Háttv. Ed. hefir gert nokkrar breytingar á þessu frv. Eru sumar þeirra óþarfar, en meinlausar, og vill nefndin ekki gera þær að ágreiningsatriði, þar sem þær líka snerta ekki efni málsins. Aftur eru aðrar til skemdar á frv., og á það þó einkanlega við breytinguna á 9. (áður 10.) gr., er engan veginn verður við unað, með því að hún raskar gersamlega því meginatriði í tilgangi frv., að ná í landssjóð nokkrum skatti hjá þeim borgurum þjóðfélagsins, er borið hafa úr bítum háar tekjur eða »stríðsgróða« næstu undanfarin ár, í líkingu við það, sem aðrar þjóðir hafa fyrir löngu gert gangskör að.

Með þessari breytingu háttv. Ed., er marðist í gegn með 7 atkv. gegn 6, með því að 1 þm. var fjarverandi, er greitt hefði atkvæði gegn henni, *sleppa undan skattinum tekjur ársins 1916*, en árið 1917 fellur fyrst inn undir lögin, en slíkt getur ekki talist að ná nokkurri átt. Eftir frv., eins og Nd. afgreiddi það, var í þessu efni haldið sjer við reglu gildandi tekjuskattslaga — hún látin standa óbreytt, líka að því er þennan tekjuauka snerti — og kom þannig árið 1916 með, þar sem ákvæði frv. áttu að ganga þegar í gildi. Teljum vjer það sjerlega óráðlegt, ef þetta tekjuaukafrv., sem flestir hafa talið rjettlátast og sanngjarnast allra, yrði af hv. Alþingi limlest eða gerskemt, og komum því með breytingartillögu um, að áminst grein sje sett að mestu í sama far og hún áður var.

Um breytinguna á 3. gr., burtfelling 2000 kr. takmarksins (skatfrjálsar tekjur) hjá hinum nýju gjaldþegnum, skal þess getið, að Nd. setti það ákvæði inn í frv. með allmiklum meiri hluta, til vægðar hinum lægri tekjumönnum, þar á meðal hinum smærri útgerðarmönnum, en hv. Ed. samþykkir breytingu sína með 7 atkv. gegn 4. Vjer viljum nú leggja til, að farinn sje meðalvegur milli marksins; sem nú er eftir tekjuskattslögunum (1000 kr.) og hins setta takmarks (2000 kr.) og leggjum til, að það sje ákvarðað 1500 kr.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að hv. deild samþykki frv. með þessum

BREYTINGUM

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:

Þó skal eigi greiða skatt af þeim tekjum, minni en 1500 kr.

2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 13. sept. 1917.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Gísli Sveinsson,
skrifari og framsm.

Pórarinn Jónsson.

Þorsteinn M. Jónsson.

Hákon J. Kristófersson,
(með fyrirvara).